

AUGLÝSING**um umferð í Borgarnesi.**

Innan takmarka Borgarness er leyfður hámarkshraði 45 km., skv. auglýsingu dómsmálaráðuneytisins birtri í 42. tbl. Lögbirtingablaðsins 17. júlí 1968.

Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 12. ágúst 1968.

F. h. s.

Þorvaldur G. Einarsson, ftr.

20. maí 1968.

Nr. 188.

AUGLÝSING**um umferð á Seyðisfirði.**

Eftir tillögum bæjarstjórnar Seyðisfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968:

1. Aðalbrautarréttur:

- a. Austurvegur frá Fjarðarárbrú að vegamótum hans og nýs vegar frá Austurvegi 32 að Hafnargötu, svo og sá nýi vegur.
- b. Ránargata frá Fjarðarárbrú að Vestdalseyrvægi.
- c. Bjólfsgata frá Öldugötu að Ránargötu.
- d. Brekkuvegur gagnvart umferð Miðtúns og Baugsvegar.

Aðalbrautir njóta þeirra forréttinda, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, sem að þeim liggja, skal skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar, eða staðnæmast, áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess gerist þörf.

2. Einstefnuakstur:

Á Norðurgötu til suðurs frá Bjólfsgötu að syðri lóðamörkum hússins nr. 3 við Norðurgötu.

Bæjarfógetinn á Seyðisfirði, 20. maí 1968.

Erlendur Björnsson.

Nr. 189

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Gunnars Jakobsen 1967.

Tekjur:**1. Yfirfært frá fyrra ári:**

- | | |
|-----------------------------------|---------------|
| a. Söfnunarsjóðsbók nr. 421 | kr. 21 463.42 |
| b. — — 572 | — 9 469.81 |

_____ kr. 30 933.23